



# Jafnréttisáætlun Suðurnesjabæjar 2019-2022

## Tilgangur og gildissvið

Jafnréttisáætlun Suðurnesjabæjar miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna þeirra, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar ómálefnalegar stöðu. Þá styðst jafnréttisáætlun Suðurnesjabæjar við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá árinu 2008 og einnig við fimmta heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um jafnrétti kynjanna.



## Þrjú áherslupættir

Jafnréttisáætlun Suðurnesjabæjar nær til allrar starfsemi Suðurnesjabæjar og þar með allra stofnana, deilda og þjónustu sem Suðurnesjabær veitir. Áherslupættirnir eru þrjú: **Suðurnesjabær sem vinnustaður, íbúar Suðurnesjabæjar og menntun og fræðsla**. Bæjarráð Suðurnesjabæjar varðar veginn að jafnréttismálum í Suðurnesjabæ en bæjarstjóri, sviðsstjórar og stjórnendur sveitarfélagsins bera ábyrgð á að fylgja áætluninni eftir. Þá ber hverri stofnun með starfsmenn 25 eða fleiri að setja sína áætlun/undiráætlun sem rímar við jafnréttisáætlun Suðurnesjabæjar.

Bæjarráð Suðurnesjabæjar skipar jafnréttisfulltrúa sem er tengiliður Suðurnesjabæjar við Jafnréttisstofu.

Verkefni jafnréttisfulltrúa eru m.a. að:

- Fjalla um og sinna eftirfylgni með stöðu jafnréttismála og taka saman tölfræði þess efnis á ári hverju í samráði við stjórnendur.
- Taka við ábendingum um brot á jafnréttisákvæðum og koma þeim í viðeigandi ferli í samráði við stjórnendur.
- Sjá um kynningu á jafnréttismálum fyrir starfsmenn.

## Suðurnesjabær sem vinnustaður

Suðurnesjabær skuldbindur sig til að fylgja lögum nr. 10 frá árinu 2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og vinna þar með að launajafnrétti. Þá mun Suðurnesjabær haga auglýsingum sínum um laus störf með þeim hætti að þau höfði til allra og við ráðningar mun hæfni einstaklinga ráða för við boð um störf. Í allri starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun munu starfsmenn Suðurnesjabæjar hafa jafnréttissjónarmið að leiðarljósi. Árlega skal taka saman yfirlit yfir stöðu jafnréttismála og skal samantektin vera aðgengileg starfsmönnum og almenningi.



## Launajafnrétti

Suðurnesjabær leitast við að greiða starfsmönnum sínum jöfn laun fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf.

Aðgerð	Tími	Ábyrgð
<b>Innleiðing á ÍST 85</b> <i>Rekstur á vottuðu jafnlaunakerfi sem er rýnt og viðhaldið skv. viðeigandi kröfum ÍST85 og markmiða Suðurnesjabæjar.</i>	Mars 2020	Bæjarstjóri
<b>Aðgerðaráætlun gegn launamun</b> <i>Árlega er gerð aðgerðaráætlun gegn launamun sé hann til staðar.</i>	Mars 2020	Bæjarstjóri

## Kynjasambætting

Aðgerð	Tími	Ábyrgð
<b>Nefndir, ráð, stjórnir og vinnuhópar</b> <i>Hlutfall kynja skal vera sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða eins og segir í 15. gr. laga nr. 10 frá 2008. Þá skal ætíð horfa til þess að hæfir aðilar veljist til hlutverkanna. Tölfræði birtist í árlegri rýni.</i>	2019 - 2022	Bæjarstjórn/bæjarráð/bæjarstjóri og stjórnendur
<b>Stefnumótun og áætlanagerð</b> <i>Starfsmönnum og kjörnum fulltrúum ber að huga að kynjasambættingu í allri stefnumótun og áætlanagerð Suðurnesjabæjar og koma þar til móts við bæði 17. gr. laga nr. 10 frá 2008 og fimmta heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um jafnrétti kynjanna.</i>	2019 - 2022	Bæjarstjórn/bæjarráð/bæjarstjóri og stjórnendur



## Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun

Öflugur mannauður er mikilvægur Suðurnesjabæ og íbúum þess. Þar af leiðandi leitast Suðurnesjabær við að vera þekkingarsamfélag sem stuðlar að sí- og endurmenntun starfsmanna sinna þar sem öllum eru gefin jöfn tækifæri til slíks.

Aðgerð	Tími	Ábyrgð
<b>Sí- og endurmenntunaráætlun Suðurnesjabæjar</b> <i>Árlega er sí- og endurmenntunarbörf starfsstöðva metin og áætlun gerð þar um.</i>	<b>Mars 2020</b>	<b>Mannauðsstjóri og stjórnendur</b>
<b>Tölfræði um sí- og endurmenntun þátttaka starfsmanna metin út frá aldri, kyni og þjóðerni.</b>	<b>September 2020</b>	<b>Mannauðsstjóri og stjórnendur</b>

## Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Suðurnesjabær leitast við að vera fjölskylduvænt sveitarfélag og á það jafnt við um þá þjónustu sem veitt er íbúum og sem fyrirmyndar vinnustaður.

Aðgerð	Tími	Ábyrgð
<b>Sveigjanlegur vinnutími</b> <i>Allar starfsstöðvar Suðurnesjabæjar vinna leiðbeiningar um viðveru á vinnustað þar sem tekið er mið af ólíkum þörfum starfsmanna og svigrúm gefið til að samræma fjölskyldu og atvinnulíf. Á hér t.d. við um sveigjanlegan vinnutíma þar sem við á, sveigjanleg vaktakerfi og lágmarks álag vegna yfirvinnu.</i>	<b>Apríl 2020</b>	<b>Stjórnendur</b>



## Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Suðurnesjabær leggur áherslu á góða alhliða heilsu starfsmanna og tekur skýra afstöðu gegn öllu ofbeldi af hvaða tagi sem er. Þá leggur Suðurnesjabær áherslu á að byggja upp heilbriggt vinnuumhverfi þar sem hver og einn starfsmaður nýtur sín og sameiginlega bera starfsmenn og stjórnendur ábyrgð svo vel takist til.

Aðgerð	Tími	Ábyrgð
<b>Aðgerðaáætlun gegn einelti, áreitni og ofbeldi innleidd</b> <i>Allar starfstöðvar fá kynningu á áætluninni og þekki farveg til að mæta slíkum málum ef upp koma.</i>	<b>Mars 2020</b>	<b>Mannauðsstjóri</b>
<b>Heilsuræktarstyrkur</b> <i>Lagt er upp með að a.m.k. 50% starfsmanna nýti sér styrkinn á hverju ári en styrkinn er hægt að nýta til heilsuræktar í fjölbreyttu samhengi.</i>	<b>Desember 2020</b>	<b>Mannauðsstjóri/stjórnendur</b>

## Íbúar Suðurnesjabæjar

Suðurnesjabær er fjölmeningarsamfélag þar sem fjórðungur íbúa er af erlendum uppruna. Því má leiða líkur að því að taka þurfi mið af þessum fjölbreytileika í allri starfsemi sveitarfélagsins.

Aðgerð	Tími	Ábyrgð
<b>Þjónustukannanir:</b> <i>- sem tekur m.a. mið af fjölbreytileika samfélagsins</i> <i>- sem tekur mið af stöðu Suðurnesjabæjar mv. önnur sambærileg sveitarfélög í landinu.</i>	<b>Nóvember 2020</b>  <b>Okt/nóv hvert ár</b>	<b>Sviðsstjórar</b>  <b>Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs</b>



## Menntun og fræðsla

Skólar Suðurnesjabæjar og menningarlíf er mikilvæg undirstaða blómstrandi og öflugssamfélags í Suðurnesjabæ.

Aðgerð	Tími	Ábyrgð
Allir skólar Suðurnesjabæjar setja sér jafnréttisáætlun	Mars 2020	Sviðsstjóri fjölskyldusviðs
Könnun sem metur stöðu menntaðra í Suðurnesjabæ <i>Jafnrétti til náms verði tryggt óháð aldri og efnahag.</i>	Mars 2020	Sviðsstjóri fjölskyldusviðs
Söfn sveitarfélagsins koma til móts við fjölbreytileika Suðurnesjabæjar.  Tilraunaverkefni sett á sem miðar að opnu bókasafni um helgar og þannig sé komið til móts við íbúa og fjölskyldur sem ekki geta nýtt sér söfnin á virkum dögum.	Apríl 2020	Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs

### Endurskoðun stefnu

Suðurnesjabær skuldbindur sig til þess að endurskoða og meta árangur áætlunar í jafnréttismálum á ári hverju. Suðurnesjabæ er jafnframt heimilt að breyta þessari áætlun án fyrirvara, m.a. vegna breytinga á gildandi lögum og reglugerðum.

Allar breytingar verða birtar á heimasíðu Suðurnesjabæjar og taka gildi frá birtingu þeirra.

### Gildistaka

Jafnréttisáætlun Suðurnesjabæjar var samþykkt af bæjarstjórn 6. nóvember 2019 og öðlast gildi við birtingu hennar.

*Magnús Stefánsson, bæjarstjóri Suðurnesjabæjar*

